

GJALDSKRÁ

fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.

Heimild.

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 932/2019 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.

Sorphirðugjald.

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélaginu samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsett af kostnaði við hirðingu og umsýslu á brúntunnu, grátunnu og blátunnu. Brún- og blátunna eru tæmdar á 21 dags fresti en grátunna á 30 daga fresti. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðarhverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarúrgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmenn sveitarfélagsins móta.

Sorphirðugjöld: Íbúðarhús kr. 41.000

3. gr.

Sorpeyðingargjald.

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnaði í sveitarfélaginu.

Sorpeyðingargjöld: Íbúðarhúsnaði kr. 24.700

Sumarbústaðir kr. 23.500

Atvinnuhúsnaði kr. 60.400

Sérstakt aukasorpgjald er innheimt vegna gá mavalla, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaði vegna gá mavalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarfélaginu skv. magntölum frá verktaka sorphirðu og gámasvæðis. Aukasorpgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekenda:

a. flokkur	kr. 43.100
b. flokkur	kr. 91.900
c. flokkur	kr. 137.700
d. flokkur	kr. 229.000
e. flokkur	kr. 304.900
f. flokkur	kr. 458.900
g. flokkur	kr. 612.800
h. flokkur	kr. 761.000
i. flokkur	kr. 919.300

4. gr.

Leiga á sorpílátum.

Hrunamannahreppi er heimilt að leigja til lögbýla og fyrirtækja ílát fyrir blátunnu eða heila gáma fyrir heyplast, pappír eða almennan fyrirtækjaúrgang. Hrunamannahreppur sér um að koma ílátunum til notenda. Innifalín í leigu blátunnukara er tæming þeirra á reglulegum dögum blátunnuhirðingar ef starfsemin er á sama hirðingarstað og blátunnur við íbúðarhús. Leigutakar þurfa sjálfir að sjá um tæmingu íláta eða semja um það sérstaklega við verktaka hreppsins ef um heila gáma er að ræða.

660 l blátunnukar	kr.	1.650 á mánuði
1.100 l blátunnukar	kr.	2.900 á mánuði
Meðalstór gámur	kr.	12.900 á mánuði
Gámur fyrir heyplast	kr.	64.900 á ári

5. gr.

Samþykki og staðfesting.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af umhverfisnefnd Hrunamannahrepps þann 22. október 2019 og sveitarstjórn Hrunamannahrepps 7. nóvember 2019. Gjaldskráin tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1186/2018.

Hrunamannahreppi, 28. nóvember 2019.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 12. desember 2019